

KIRKJUGARÐARÁÐ

107. fundur haldinn mánudaginn 9. september 2013 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur: Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri Biskupsstofu.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram.

2. Ársreikningur og endurskoðunarbréf Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2012

Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri kynnti. Samþykktur án athugasemda og undirritaður.

3. Tillaga Prestafélags Íslands um breytingar á gjaldskrá vegna aukaverka

Beiðni innanríkisráðuneytisins um umsögn Kirkjugarðaráðs. Lagt var fram erindi innanríkisráðuneytisins þar sem óskað er umsagnar Kirkjugarðaráðs um tillögu Prestafélags Íslands um breytingar á gjaldskrá vegna aukaverka.

Vísað er til minnisblaðs sem framkvæmdastjóri hefur tekið saman, dags. 9. september 2013. Fjallað var um málið á fundinum og framkvæmdastjóra falið að ganga frá svarbréfi.

4. Tilnefning Kirkjugarðaráðs í nefnd um málefni kirkjugarða

Ragnhildur Benediktsdóttir kynnti. Þórsteinn Ragnarsson var tilnefndur af hálfu ráðsins. Upplýst var á fundinum að nefndin hefði ekki tekið til starfa. Framkvæmdastjóra var falið að senda ráðuneytinu fyrirspurn um stöðu mála.

5. Norræn ráðstefna NFKK í Osló 4.-6. september

Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Smári Sigurðsson tóku allir þátt í ráðstefnunni og sögðu frá henni. Tveir fyrirlesarar komu frá Íslandi, Gunnar Bollason og Þór Hjaltalín, starfsmenn Minjastofnunar Íslands. Erindin verða sett inn á vef norska kirkjugarðasambandsins.

6. Gamli kirkjugarðurinn á Ísafirði

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Lagt var fram bréf frá Erlu Bryndísi Kristjánsdóttur landslagsarkitekt, Magnúsi Erlingssyni sóknarpresti og Birni Baldurssyni formanni sóknarnefndar.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að fá leyfi til að fara á fund á Ísafirði og ræða við hagsmunaaðila. Hann taldi eðlilegt að í framhaldi yrði myndaður vinnuhópur um stefnumörkun vegna garðsins með aðkomu heimamanna, landslagsarkitekts, Kirkjugarðaráðs og minjavörslunnar. Samþykkt.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 14. október.

8. Önnur mál

Smári spurði hvort til væri fjarfundabúnaður hjá Biskupsstofu. Hann er ekki til, en rætt var um að hægt væri að vera með SKYPE-fund ef erfitt væri fyrir Smára að koma að norðan.

Fundi slitið kl. 15:30.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari